

Mál nr. 3/2013
Breiðablik
gegn
KR

Kæra Breiðabliks

Mót: Eldri flokkur karla 40

Leikur: Breiðablik - KR 1-6

Leikdagur: 11.06.2013 - 20:00 - Fífan

Dómkröfur:

Leikur dæmist KR tapaður 0-3 vegna þess að KR notaði ólöglega leikmenn.

Málavextir:

Í leiknum Breiðablik – KR í eldri flokki karla 40 11/6 2013 sl. voru tveir leikmenn KR ólöglegir. Þessir leikmenn eru:

Kristján Finnbogason f. 1971, leikmaður Fylkis

Þorsteinn Guðjónsson f. 1969, leikmaður Þróttar R.

Tilvísun:

Vísað er til reglugerðar KSÍ. Í **REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum**

1. gr. segir: „*Almenn ákvæði*

1.1. Allir leikir skulu fara fram skv. knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, nema annars sé getið í reglugerð þessari.“

Röksemdir:

Dómari leiksins var Heiðar Bergmann Heiðarsson. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum segir svo um

„*Leikskýrslur.*

4.1. KSÍ skal gefa út sérstök leikskýrslueyðublöð fyrir knattspyrnu í 7 manna liðum. Annars vegar

eyðublað fyrir nöfn leikmanna sem félagið skilar í mótslok og hins vegar eyðublað þar sem greint er frá úrslitum leikja og heimaliði ber að skila að leik loknum. Mótanefnd setur nánari reglur um skýrslur þessar ef þörf krefur.“

Skv. tl. 4.1 að framan er nafnalisti sendur í mótslok til KSÍ en aðeins úrslit send að loknum leik. Dómari leiksins og leikmenn beggja liða geta staðfest að umræddir tveir leikmenn, leikmenn Fylkis og Þróttar R., þeir Kristján og Þorsteinn spiluðu þennan leik með KR.

Forsvarsmenn KR hafa jafnframt staðfest í samtölum að fleiri leikmenn KR en þessir tveir hafi ekki verið skráðir leikmenn KR samkvæmt leikmannalista KSÍ og því verið ólöglegir í leiknum. Breiðablik lætur nægja að tilgreina framangreinda Kristján og Þorstein sem ólöglega leikmenn í leiknum.

Sönnunargögn:

Dómari leiksins var Heiðar Bergmann Heiðarsson. Um sönnunargögn vísast í texta í tl. 4 að framan.

Vitni:

A. Dómari leiksins:

A1. Heiðar Bergmann Heiðarsson, s. 5171445, 6635651

B. Leikmenn Breiðabliks:

B1. Ásgeir Baldurs s. 8572900

B2. Guðmundur Þórður Guðmundsson s. 8599066

B3. Grétar Steindórsson s. 8612260

B4. Pavol Cretovic s. 6901431

B5. Salih Heimir Porca s. 8401195

Undirskrift: 18/6 2013

f.h. knattspyrnudeildar Breiðabliks

Borghildur Sigurðardóttir

Greinargerð KR

Andsvar við kæru Breiðabliks vegna leiks í 40ára + Breiðablik- KR 11.júní 2013.

Umræddir tveir leikmenn eru skráðir í önnur félög en hafa veið að spila með 40 ára + liði KR Þessir góðu KRingar eiga rúmlega 600 leiki fyrir KR í meistaraflokki og spannar ferill þeirra í KR samtals rúmlega 40 ár.

Þorsteinn Guðjónsson spilaði síðast leik þar sem skráð var skýrsla í meistaraflokki með Þrótti R. 1997. Hann hefur síðan þá verið viðloðandi eldri flokka KR, fyrir utan 1 ár eða 2004 þá spilaði hann með Gróttu og þá líka skráður í Þrótt. Hefur það láðst að ganga frá félagaskiptum fyrir hann í KR og er kannski engin afsökun fyrir því. Kristján Finnbogason á 438 leiki með mfl KR og starfar sem markmannsþjálfari hjá Fylki og er skráður í Fylki vegna þess.

Eitt viljum við benda á að Breiðablik var einnig með ólöglegan leikmann, Hákon Sverrisson en þessi þessi mikli blik er skráður í Augnablik þar sem hann þjálfaði síðast leikmenn á meistaraflokksaldri. Okkur dettur ekki í hug að leggja fram kæru vegna hans, hann er blik og spilar fótbolta sér til skemmtunar og ánægju með sínu félagi og sínum gömlu félögum.

Reyndar vorum við að spá í að gera það um leið og við fréttum af kærinni vegna þess að við vissum að hann væri ólöglegur en við unnum leikinn 6-1. En þetta virðist vera eina leiðin fyrir blika til að eiga möguleika á móti okkur.

Við hörmum það að hafa mætt með ólöglegt lið en þau ár sem þessi hópur KR hefur spilað saman hafa menn ekki verið að spá í hvaða félög hinir og þessir sem við spilum á móti eru skráðir í. Við spilum okkur til skemmtunar og hefur skemmt okkur vel undanfarin ár. Við erum KR ingar allir sem einn og engin kæra mun breyta því.

Kveðja

Þorsteinn Halldórsson leikmaður 40 ára liði KR

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2013, þriðjudaginn 25. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Guðmundssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2013:

Knattspyrnudeild Breiðabliks
gegn
Knattspyrnudeild KR

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Breiðabliks, kt.
Dalsmára 5
201 Kópavogur
Fyrirsvarsmaður: Borghildur Sigurðardóttir

Kærði:

Knattspyrnudeild KR, kt.591184-0169.
Frostaskjóli 2,
107 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Jónas Kristinsson.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 18. júní sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 25. júní sl. Greinargerð kærða er ódagsett.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiksins KR og Breiðabliks í Eldri flokkur karla 40+, þann 11.06.2013 kl. 20:00 í Fífunni verði breytt og Breiðabliki dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik KR og Breiðabliks

Í leiknum Breiðablik – KR í eldri flokki karla 11. júní sl. voru tveir leikmenn KR ólöglegir. Þessir leikmenn eru Kristján Finnbogason f. 1971, leikmaður Fylkis og Þorsteinn Guðjónsson f. 1969, leikmaður Þróttar R.

Vísað er til reglugerðar KSÍ. Í REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum

1. gr. segir: „*Almenn ákvæði*

1.1. Allir leikir skulu fara fram skv. knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, nema annars sé getið í reglugerð þessari.“

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum segir svo um leikskýrslur:

„*Leikskýrslur.*

4.1. KSÍ skal gefa út sérstök leikskýrslueyðublað fyrir knattspyrnu í 7 manna liðum. Annars vegar eyðublað fyrir nöfn leikmanna sem félagið skilar í mótslok og hins vegar eyðublað þar sem greint er frá úrslitum leikja og heimaliði ber að skila að loknum. Mótanefnd setur nánari reglur um skýrslur þessar ef þörf krefur.“

Skv. tl. 4.1 að framan er nafnalisti sendur í mótslok til KSÍ en aðeins úrslit send að loknum leik. Dómari leiksins og leikmenn beggja liða geta staðfest að umræddir tveir leikmenn, leikmenn Fylkis og Þróttar R., þeir Kristján og Þorsteinn spiluðu þennan leik með KR. Forsvarsmenn KR hafa jafnframt staðfest í samtölum að fleiri leikmenn KR en þessir tveir hafi ekki verið skráðir leikmenn KR samkvæmt leikmannalista KSÍ og því verið ólöglegir í leiknum. Breiðablik lætur nægja að tilgreina framangreinda Kristján og Þorstein sem ólöglega leikmenn í leiknum.

Í greinargerð kærða kemur fram: „Eitt viljum við benda á að Breiðablik var einnig með ólöglegan leikmann, Hákon Sverrisson en þessi þessi mikli Bliki er skráður í Augnablik þar sem hann þjálfaði síðast leikmenn á meistaraflokksaldri. Okkur dettur ekki í hug að leggja fram kæru vegna hans, hann er Bliki og spilar fótbolta sér til skemmtunar og ánægju með sínu félagi og sínum gömlu félögum. Reyndar vorum við að spá í að gera það um leið og við fréttum af kærinni vegna þess að við vissum að hann væri ólöglegur en við unnum leikinn 6-1. En þetta virðist vera eina leiðin fyrir Blika til að eiga möguleika á móti okkur.

Við hörmum það að hafa mætt með ólöglegt lið en þau ár sem þessi hópur KR hefur spilað saman hafa menn ekki verið að spá í hvaða félög hinir og þessir sem við spilum á móti eru skráðir í. Við spilum okkur til skemmtunar og hefur skemmt okkur vel undanfarin ár. Við erum KR ingar allir sem einn og engin kæra mun breyta því.“

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag KR, hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Breiðabliki þann 11. júní 2013 í leik í Íslandsmóti eldri flokks karla 40+ og að hið kærða félag hafi notað 2 ólöglega leikmenn.

Eins og fram kemur í greinargerð hins kærða félags er fallist á það að framangreindir leikmenn voru ekki skráðir í K.R. þegar umræddur leikur fór fram. Af því leiðir að framangreindir 2 leikmenn hafa þá ekki verið hlutgengir með liði K.R.

Með vísan til ofanritaðs er því fallist á dómkröfur kæranda, Breiðalíks, í máli þessu og í samræmi við ákvæði í grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er leikur K.R. og Breiðabliks sem fram fór á Íslandsmóti eldri flokks karla 40+ dæmdur tapaður K.R. með markatölunni 0-3.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik KR og Breiðabliks í leik liðanna sem fram fór í Fífunni kl. 20.00, þann 11. júní 2013 í eldri flokki karla 40+, Íslandsmóti, er breytt og Breiðabliki dæmdur 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, KR, greiði kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frí dagar ekki taldir með.

Sigurður Guðmundsson

Sigurður I. Halldórsson

Helgi R. Magnússon